



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Gringolts og Volkov

6. febrúar 2014





MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á www.ruv.is.

Áætluð tímalengd verka:

Forleikur að Lohengrin: 10'00''

Fíðlukonsert op. 36: 31'00''

Sinfónía nr. 4 í d-moll: 30'00''

Aðalstyrktaraðili:



GAMMA

Gringolts og Volkov

Tónleikar í Eldborg 6. febrúar 2014 » 19:30

Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

Ilya Gringolts einleikari

Richard Wagner

Lohengrin, forleikur að fyrsta þætti (1848)

Arnold Schönberg

Fiðlukonsert op. 36 (1936)

Poco allegro – Vivace

Andante grazioso

Finale: Allegro

Hlé

Robert Schumann

Sinfónía nr. 4 í d-moll, op. 4 (1841 – upprunaleg gerð)

Andante con moto – Allegro di molto –

Romanza: Andante –

Scherzo: Presto –

Largo – Finale: Allegro vivace

Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri



Ilan Volkov hóf feril sinn sem hljómsveitarstjóri 19 ára að aldri þegar hann varð aðstoðarstjórnandi hljómsveitarinnar Northern Sinfonia á Englandi. Árið 1997 varð hann aðalhljómsveitarstjóri Æskuhljómsveitar Filharmóníusveitarinnar í Lundúnum og tveimur árum seinna útnefndi Seiji Ozawa hann aðstoðarhljómsveitarstjóra Sinfóníuhljómsveitarinnar í Boston. Hann varð aðalhljómsveitarstjóri BBC Sinfóníuhljómsveitarinnar í Skotlandi árið 2003, og starf hans með hljómsveitinni varð til þess að hann var valinn „ungur tónlistarmaður ársins“ af Konunglega filharmóníufélaginu árið 2004; hann lét af starfinu og varð aðalgestastjórnandi hljómsveitarinnar árið 2009. Í september 2011 tók Ilan Volkov við stöðu aðalhljómsveitarstjóra og listræns stjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Volkov er tíður gestur margra heldri hljómsveita; þar nægir að nefna Filharmóníuhljómsveitina í Ísrael, Þjóðarhljómsveitina í Washington, Orchestre de Paris, Þjóðarhljómsveitina í Lyon, Sinfóníuhljómsveitina í Birmingham, Sinfóníuhljómsveit vesturbýzka útvarpsins í Köln og Sinfóníuhljómsveit suðurbýzka útvarpsins í Freiburg. Volkov er líka tíður og mikils metinn hljómsveitarstjóri í óperuhúsum og hefur stjórnað óperusýningum á Glyndbourne-hátíðinni, við Þjóðaróperuna í Washington, og við óperurnar í San Francisco, Toulouse og í Ísrael.

Volkov hefur gert fjölmargar upptökur fyrir Hyperion-útgáfuna. Meðal þeirra má nefna tvær sem hafa hlotið verðlaun Gramophone-tímaritsins: geisladisk með heildarverkum Britzens fyrir píanó og hljómsveit ásamt píanóleikaranum Steven Osborne og diskinn *Body Mandala* með verkum eftir Jonathan Harvey. Einnig er ástæða til að nefna sérstaklega disk með fiðlukonsertum eftir Arénskíj og Tanéev, þar sem einleikari kvöldins, Ilya Gringolts, fer með einleikshlutverkið. Ilan var upphafsmaður tónlistarhátíðarinnar Tectonics sem Sinfóníuhljómsveit Íslands hélt í fyrsta sinn í maí 2012 undir listrænni stjórn Volkovs, en í fyrra, árið 2013, var hún haldin bæði í Reykjavík með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Glasgow með BBC Sinfóníuhljómsveitinni í Skotlandi.

Ilya Gringolts

einleikari



Ilya Gringolts fæddist árið 1982 í Leningrad, sem nú er Sankti Pétursborg, og hóf fiðlunám sex ára að aldri. Hann kom fyrst fram sem einleikari með Fílharmóníusveitinni í Sankti-Pétursborg árið 1993 og síðan með Sinfóníuhljómsveit Moskvuborgar árið 1994. Árið 1995 kom hann í fyrsta sinn fram á Vesturlöndum, í Finnlandi, þar sem hann lék fiðlukonsertinn eftir Bruch. Hann vann til fyrstu verðlauna í Paganini-keppninni í Genua á Ítalíu, og var þá yngsti keppandinn sem hefur hlotið þann heiður. Á árunum 1999–2002 naut hann leiðsagnar Itzhaks Perlman í Juillard-tónlistarskólanum í New York.

Gringolts hefur komið fram víðsvegar í Evrópu, Asíu, Norður-Ameríku, Ástralíu og Suður-Afríku og einnig í Ísrael. Hann hefur leikið með fjöldanum öllum af hljómsveitum; nefna má Mahler-kammersveitina, Konunglegu fílharmóníusveitina í Liverpool, Sinfóníuhljómsveitina í Birmingham, Konunglegu skozku hljómsveitina, Sao Paulo-hljómsveitina, Fílharmóníuhljómsveitina í Ísrael, Sinfóníuhljómsveitina í Chicago, Fílharmóníuhljómsveitina í Lundúnum, Fílharmóníuhljómsveitina í Los Angeles og Sinfóníuhljómsveitina í Melbourne.

Auk þess að koma fram með hljómsveitum heldur hann einnig einleikstónleika. Tónlistin sem hann hefur leikið er afar fjölbreytileg, allt frá barokk-tímanum og fram á okkar daga. Hann hefur lagt sig eftir að leika barokk-verk með upprunalegum hætti og á upprunaleg hljóðfæri. Sumarið 2010 lék hann allar Bach-sónöturnar fyrir fiðlu og sembal með Masaaki Suzuki á tónlistarhátíðinni í Verbier í Sviss. Hann hefur einnig unnið með tónskáldum samtímans og frumflutt verk eftir Peter Maxwell Davies, Augustu Read Thomas, Christophe Bertrand og Michael Jarrell. Hann er reglulegur gestur á tónlistarhátíðunum í Lucerne, Kuhmo, Colmar, Bucarest, Milano, Montecarlo og BBC Proms-hátíðinni í Lundúnum. Hann hefur leikið fiðlukonsert Schönbergs víða undanfarin ár, meðal annars með BBC-sinfóníuhljómsveitinni í Skotlandi undir stjórn Ilans Volkov.

Richard Wagner

Forleikur að óperunni *Lohengrin*



Richard Wagner (1813–1883) lauk við óperu sína *Lohengrin* í apríl 1848 og tók sér svo langt hlé til að undirbúa sig undir næstu verk, sem áttu eftir að gjörbylta tónlistarsöggunni: Meira en fimm ár liðu þar til hann hófst handa við að semja tónlistina við næstu óperu, *Rínargullíð*. Franz Liszt frumflutti *Lohengrin* í Weimar 28. ágúst 1850. Wagner var fjarstaddur, því að hann var landflótta frá Þýzkalandi vegna þátttöku sinnar í uppreisninni í Dresden 1849.

Við þurfum ekki að fara í grafgötur um hvað forleikurinn að *Lohengrin* á að tákna: Wagner hefur sjálfur gefið okkur ítarlega lýsingu á því sem hann vill að við finnum og sjáum fyrir okkur þegar tónlistin er flutt. Í formála að þessari lýsingu skýrir hann frá heimi haturs og illdeilna, þar sem kærleikurinn virðist vera horfinn, í engu mannlegu samfélagi sé hann löggjafi. Samskipti manna stjórna af innantómum ugg um eignir og gróða. En úr þessum ugg spratt þrá mannlegra hjartna eftir kærleika og beindist að uppsprettu utan þessa veruleika; hún tók á sig undursamlega mynd sem nefnd var „heilagur Gral“: bikar sem frelsarinn drakk úr við síðustu kvöldmáltíðina og sem síðublóði hans var safnað í við krossfestinguna. Þessi heilagi kaleikur var fjarlægður úr heimi óverðugs mannkynsins, en englaskari færði hann síðar af himnahæðum til þeirra sem vígja skal til baráttu fyrir kærleikann. Þessari endurkomu Gralsins, segir Wagner, valdi „tónskáld [óperunnar] *Lohengrin*“ sér að lýsa í tónum og gera að inngangi að leikverki sínu. Síðan fylgir lýsing þessa inngangs í orðum, og hér er tilraun til að gefa smávísbendingu á íslenzku um upphafinn stíl frumtextans:

„Fyrir augnatilliti æðstu yfirjarðneskrar kærleikslöngunar virðist í upphafi hinn tærasti blái ljósvaki himinsins þéttast saman í undursamlegri sýn, sem er varla skynjanleg, en þó töfrandi hugljúf; í óendanlega fínlegum dráttum, sem skýrast smám saman, birtist dásemdarfærandi englaskari sem nálgast jörðina ósýnilega hægt úr ljóshæðum, og í

Tónlistin á Íslandi

Forleikurinn að óperunni Lohengrin eftir Wagner hefur þrisvar verið fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands, ávallt í fæðingarmánuði Richards Wagner. Í maí 1998 var stjórnandinn Petri Sakari, í maí 2003 var það Gregor Bühl, og í maí 2011 var það Peter Schrottner. Síðast hljómaði forleikurinn á tónleikum í Reykjavík hins vegar í nóvember. Það var árið 2012 í Hörpu; Fílharmoníusveit Berlínar lék, en stjórnandi var Sir Simon Rattle.

miðjum hópnum fylgir þeim hið heilaga ker. Þegar sýn þessi opinberast æ greinilegar og svífur niður til jarðardalsins æ sýnilegar, þá úthellist úr skauti hennar heillandi ilmsætangan: hrífandi ilmur steypist úr henni eins og gullin ský og gagntekur skilningarvit furðulostins ásjáandans allt inn að innstu djúpum skjálfandi hjartans í undursamlega heilagri geðshræringu. Aðra stundina titrar unaðslegur sársauki, hina stundina sæluhrollskenndur andvari í brjósti áhorfandans: í því svella öll niðurbæld sáðkorn kærleikans, vakin af svefni fyrir endurlífsgandi töfra sýnarinnar til að taka undraverðum vexti með ómótstæðilegu afli: hversu mjög sem það þenur sig út ætlar það að springa af voldugri þrá, af knýjandi þörf til að helga sig, af löngun til að leysast upp, sem mannleg hjörta hafa aldrei áður fundið. Og þó svellur þessi tilfinning aftur í æðstu sælu þegar guðdómleg sýnin breiðist út í æ hlýlegri nálægð frammi fyrir upptendraðri skynjuninni; og þegar hið heilaga ker sjálft er afhjúpað í undranöktum veruleika sínum og borið fram fyrir hinn verðuga; þegar „Gralinn“ sendir úr sínu guðlega innihaldi sólargeisla upphafnasta kærleika vítt og breitt, eins og þar logi himneskur eldur, svo að öll hjörta um kring skjálfa í logabjarma eilífrar glóðar: þá bregðast sjáandanum skynfærin; hann hnígur niður í tilbeiðslukenndri sjálfseyðingu. En yfir hann, sem er týndur í kærleikssælu, úthellir Gralinn nú blessun sinni og vígir hann til riddara síns: ljómandi logarnir dempast og verða að æ mildari bjarma, sem breiðist nú eina og andardráttur ósegjanlegrar sælu og geðshræringar yfir jarðardalinn, og fyllir brjóst hins biðjandi með fagnaðarsælu sem hann hafði aldrei dreymt um. Í skírlífri gleði svífur nú englaskarinn aftur til hæða, horfir brosandniður til jarðar: hann hefur fært heiminum að nýju uppsprettu kærleikans, sem hafði þorrið á jörðu; hann færði „Gralinn“ aftur til gæzlu hreinlífra manneskja, og innihald hans hafði úthellzt í blessun yfir hjörta þeirra: og í bjartasta ljósi bláa himinljósvakans hverfur hinn guðdómlegi skari, rétt eins og hann hafði nálgast út úr honum áður.“

Arnold Schönberg

Fiðlukonsert op. 36



„Sá dagur mun koma að mjólkursendlar blístra lög eftir mig rétt eins og eftir Puccini“ á Arnold Schönberg (1874–1951) að hafa sagt. Spádómurinn hefur ekki rætt, því að mjólkursendlar eru horfin stétt. En þessi tilvitnun, hvort sem hún er rétt eftir höfð eða ekki, minnir á að Schönberg lagði sig alltaf fram við að búa til laglínur. Hann þráði ekkert heitar, skrifaði hann eitt sinn í bréfi, en að vera tekinn fyrir aðeins betri útgáfu af Tsjaikovskíj og að fólk þekkti lögina hans. Í ritgerð sinni *Hjarta og heili í tónlist* vitnar Schönberg í nokkur stef úr verkum sínum, þar á meðal úr hæga kaflanum í fiðlukonsertinum, og segir: „Að því gefnu að tónsmiður eigi rétt á að láta sér geðjast eigin stef (þótt það sé kannski ekki skylda hans að birta einungis það sem honum sjálfum líkar), þá leyfist mér að fullyrða að ég hafi sýnt hér einungis laglínur, stef og búta úr mínun eigin verkum sem ég met sjálfur að séu góð ef ekki falleg.“ Laglínur Schönbergs eru að vísu nokkuð seinteknari en Tsjaikovskíj, en hann var samt sem áður að reyna. „Schönberg er alltof lagrænn fyrir minn smekk, alltof ljúfur,“ sagði Bertold Brecht.

Schönberg samdi fiðlukonsert sinn á fyrstu Ameríkuárum sínum. Hann hafði sett að í Los Angeles og aðlagast Ameríku ótrúlega fljótt, hann eignaðist vini eins og Charlie Chaplin og lék tennis við George Gershwin, en Ameríku gekk ekki jafnvel að aðlagast Schönberg. Hann lauk við fiðlukonsertinn árið 1936, og það tók nokkur ár að koma konsertinum á framfæri, enda er einleikshlutverkið með afbrigðum erfitt. Þegar Schönberg var sagt, segir ein sagan, að konsertinn þarfnadist fiðluleikara með sex fingur á vinstri hendi, þá svaraði hann: „Gott og vel. Ég get beðið.“ Konsertinn var loks frumfluttur árið 1940 af fiðluleikaranum Louis Krasner undir stjórn Leopolds Stokowski, sem missti næstum vinnuna fyrir að setja þetta ómstríða tónverk á efnisskrá. Konsertinn hefur ekki verið tíður gestur í tónleikasölum; aðeins á allrasíðustu árum virðist áhugi vera að glæðast eftir að æ fleiri ungir fiðluleikarar hafa tekið hann upp á arma sína.

Tónlistin á Íslandi

Fiðlukonsert Schönbergs hefur einu sinni áður verið fluttur á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Það var 10. febrúar 1972. Einleikarinn var ungersk-bandaríski fiðluleikarinn Andre Granat, en stjórnandi var Proinnsias O'Duinn. „Það voru víst fáir sem blístruðu stefin úr fiðlukonsert Schönbergs sl. fimmtudagskvöld í Háskólabíói,“ skrifaði gagnrýnandi dagblaðsins Vísir, Stefán Edelstein, en einnig: „Áheyrendur tóku verkinu og einleikaranum með einlægri hrifningu.“

Löngu eftir að Krasner lék konsertinn í fyrsta sinn skrifaði hann litla ritgerð um frumflutinginn. Þar segir meðal annars: „Atburðurinn einkenndist af viðvarandi andstöðu og deilum milli stjórnar hljómsveitarinnar og hljómsveitarstjórans. Hvað eftir annað var reynt að koma í veg fyrir flutninginn. En ásetningi Stokowskis að flytja konsertinn varð ekki haggað [...] Einhverntíma á þessu ferli talaði Stokowski við mig um erfiðleikana hans með yfirstjórnina. Hann skýrði frá því að hún hefði neitað að reiða fram greiðslu til einleikarans og að hann ætlaði að greiða þóknun mína úr eigin vasa. [...] Nú eru næstum 34 ár liðin og ég er ennþá sannfærður um að Schönberg-konsertinn sé stórkostlegt verk og sögulega mikilvægur.“

Schönberg var undarlegt sambland af byltingarmanni og íhaldssinna. Þótt fiðlukonsertinn sé afar nýstárlegur á að hlýða, jafnvel enn þann dag í dag, er hann fullkomlega hefðbundinn í formi, Hann skiptist í þrjá þætti, hraðan, hægán og hraðan, og bæði fyrsti og þriðji þáttur hafa einleikskadensur. Fyrsti kaflinn er af lauslegri sönötugerð, og lokakaflinn er einskonar rondó, en smám saman kemur í ljós að undirliggjandi hrynjandi er marstaktur og sneriltromma gegnir þar miklu hlutverki: á einum stað er einskonar dúett fyrir einleiksfíðluna og sneriltrommuna.

Konsertinn er saminn eftir tólftónakerfi Schönbergs eins og það gerðist einna strangast. En það er kannski ekki alveg jafnaugljóst og ætla mætti hvað það þýðir nákvæmlega. Aðferð Schönbergs við að „semja tónlist með tólf tónum“ byggist á að raða tónunum tólf í tónstiganum upp í eina tiltekna röð. Úr henni má síðan búa til aðra röð með því að spegla upphaflegu röðina þannig að fyrir sérhvert tónbil upp á við milli samliggjandi tóna í fyrri röðinni kemur sama tónbil í spegluðu röðinni, en bara niður á við; og öfugt. Þá eru komnar tvær raðir. En svo má nota þær báðar afturábak; og þá

eru komnar fjórar. Loks má hliðra þeim öllum upp eða niður allan tólftónastigann, og þannig fást 48 raðir í allt, sem geta þá talizt efniviður tónsmíðarinnar. Það gefur auga leið að enginn venjulegur hlustandi getur haft allar þessar raðir í kollinum og áttað sig á hver þeirra er að verki í það og það skiptið.

Grunnröðin birtist strax í upphafi konsertsins, en samt ekki þannig að við gætum fundið hver hún er útfrá því sem við heyrum eða því sem má lesa í raddskránni, því að sumir tónar í röðinni heyrast samtímis: Einleiksfíðlan leikur fyrstu tvo tónana hvorn á eftir öðrum, og sellóin svara með því að leika þriðja og fjórða tón samtímis og svo fimmta og sjötta samtímis. Þá leikur einleiksfíðlan sjöunda og svo áttunda tóninn, og sellóin næst níunda og tíunda tón samtímis og svo ellefta og tólfta samtímis. Ef við ætluðum okkur að finna röðina útfrá þessari byrjun, þá kæmu sextán möguleikar til greina. Ekki er þægilegra að átta sig á röðinni útfrá næstu hendingu, því að þar heyrast hún spegluð og hliðruð, tónar heyrast samtímis eins og í fyrstu hendingu, og nú bætist við að annar tóninn heyrast á eftir þriðja og fjórða, og sá áttundi á undan þeim sjöunda. Hvernig má þá segja að tónsmíðin byggist á ákveðinni röð tónanna?

Ef við hinsvegar lítum aftur á upphafshendinguna í konsertinum, þá er hún tvískipt með greinilegu hléi, og þannig skiptist tólftónaröðin upp í tvo helminga. Röðum nú nótonum í fyrri helmingnum upp í hækkandi röð og nótonum í seinni helmingnum upp í lækkandi röð. Þá kemur í ljóst að við fáum nákvæmlega sömu tónbilin í sömu röð, bara hækkandi í fyrri helmingnum, en lækkandi í seinni helmingnum. Þannig fáum við tvo sextóna tónstiga, sem eru spegilmyndir hvor af öðrum og gefa okkur saman allan tólftónastigann. Það væri kannski nær að segja að þessir sextónastigar séu efniviður tónsmíðarinnar frekar en einhver tiltekin uppröðun tónanna.

Robert Schumann

Sinfónía nr. 4 í d-moll, op. 120



Í ritgerð sinni *Ný tónlist, úrelt tónlist, eða stíll og hugsun* segist Arnold Schönberg hafa lesið í prófritgerð stúlku, sem hafði lært lítið eitt í hljómfræði en mikið í „tónlistarskilningi (sem skólafagi)“, að „hjóðfæranotkun Schumanns [sé] gruggug og óskýr“. „Þessi vizka var beint upp úr kennslubókinni,“ segir Schönberg og drepur í örstuttu máli á næsta fáfengilegar umræður sérfræðinga um efnið. „En skaði var skeður sem var ekki unnt að bæta; þessi stúlka og sennilega allir bekkjarfélagar hennar eiga aldrei eftir að geta hlustað á hljómveitarverk Schumanns með eyrum barnsins, fordómalaust og með opnum huga.“ Og hann ímyndar sér að eftir nokkur ár verði þessi stúlka orðin kennari og kenni það sem henni var kennt: „tilbúna fordóma og yfirborðskenndar hugmyndir um tónlist, tónlistarmenn og fagurfræði.“

Robert Schumann (1810-1856) var meistari hins smáa. Sönglög hans eru mörg hver örstutt, en samt með því sem hæst ber í söngbókmenntum allra tíma. Svipað má segja um lög hans fyrir píanó; listilega gerð, en einnig einatt örstutt. Þetta þýðir þó ekki að hann hafi ekki líka haft næma tilfinningu fyrir hinu stóra. Sönglöggin tók hann oft saman í söngvaflokka, sem eru einatt bundir saman í eina heild með einhverjum hætti: Eitt örstutt tónfrymi, rísandi og síðan fallandi fimmund, gengur gegnum allan ljóðaflokkinn *Liederkreis* op. 39. Píanólöggin koma líka í flokkum, eins konar svítum, svo sem *Carnaval* og *Kreisleriana*, og Schumann fann alltaf einhver ráð til að búa þeim heildarsvip. Þannig hefst sérhver þáttur í *Carnaval* annaðhvort á nótunum A, Es, C, H eða þá As, C, H til að minna á smábæinn Asch í Bæheimi, fæðingarbæ stúlku sem Schumann var trúlofaður um skeið, en sleit samskiptum við.

Schumann hafði lengi þann hátt á, líkt og Johann Sebastian Bach, sem hann dáði mjög, að einbeita sér að einni tegund tónlistar í einu. Fram til ársins 1839 samdi hann ekkert annað en píanótónlist, ef frá eru talin örfá æskuverk. Árið 1840 var hið undraverða ár sönglaganna, en líka árið þegar réttarhöldunum

Tónlistin á Íslandi

Sinfóníuhljómsveit Íslands hefur áður flutt fjórðu sífóníu Schumanns tólf sinnum, fyrst í janúar 1955 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar, og síðast í febrúar 2011, en þá var hljómsveitarstjórinn Louis Langrée.

lauk í málinu sem Clara Wieck höfðaði gegn föður sínum til að hnekkja banni hans við að hún og Schumann gengju í hjónaband: Í janúar vísaði dómstóll á bug öllum mótbárum föðursins nema einni, að Schumann væri drykkfelldur; þá ásökun var föðurnum gert að sanna. Í júlí kom í ljós að það hafði ekki tekizt, í ágúst var úrskurðað að Robert og Clara mættu eigast, og í september gengu þau í hjónaband. Fyrir árslok hafði hann samið 168 sönglög. Árið 1841 sneri hann sér að hljómsveitartónlist og samdi meðal annars tvær sífóníur, sífóníu númer 1, og sífóníu númer 4. Árið 1842 var svo helgað kammertónlist og þar næsta ár söngverkum með hljómsveit.

Á fremstu síðu fjórðu sífóníunnar í heildarútgáfu tónsmíða Schumanns frá 1882, sem Clara Schumann sá um, er þessi neðanmálgrein: „Uppkast þessarar sífóníu varð til þegar árið 1841 skömmu á eftir þeirri fyrstu í B-dúr, en fyrst árið 1851 var hún fullkomlega færð í hljómsveitarbúning. Þessi athugasemd virðist nauðsynleg, því að seinna eru tvær sífóníur með númerunum II og III komnar út, en voru sú þriðja og fjórða miðað við tilurð.“ Þarna er komin skýring á hver vegna d-moll-sífónían er kölluð sú fjórða, þótt hún sé í raun númer tvö í röðinni (ef við teljum ekki ófullgerð verk), en þó er hér hallað réttu máli, því að gerð sífóníunnar frá 1841 var ekkert uppkast, heldur var hún þá þegar alveg frágengin og „fullkomlega færð í hljómsveitarbúning“. Hún var meira að segja frumflutt í Leipzig 6. desember 1841. En henni var tekið heldur fálega, og Schumann fann engan sem vildi gefa hana út. Tíu árum seinna, eða 1851, endurskoðaði hann sífóníuna rækilega og umritaði að hluta til; einkum breytti hann hljómsveitarbúningnum verulega, og þá í þá átt að gera hann þykkari. Það sem var áður viðkvæmt og létt varð þróttmeira, en þyngra og kannski stundum dálítið stríðara.

Johannes Brahms eignaðist handritið að upphaflegu gerðinni frá 1841. Honum fannst hún bera af þeirri síðari, og það hefur mörgum þótt síðar. Honum tókst að fá hana birta í heildarútgáfunni af verkum Schumanns árið 1891 þrátt fyrir

andstöðu og mótmæli Clöru Schumann; þetta varð til að vinátta þeirra, sem verið hafði mjög náin, kólnaði umtalsvert.

Hvað gerir símfóníu sem er fjórir sjálfstæðir þættir að einu tónverki en ekki bara að fjórum tónverkum í röð? Í upphafi klassíska tímans höfðu þættirnir yfirleitt engan sameiginlegan efnivið og tengdust í raunninni ekki á nokkurn hátt nema fyrir það að tóntegundir þeirra viku ekki alltof langt frá þeirri grunntóntegund sem símfónían hófst og endaði á og svo auðvitað gegnum stíl tónskáldsins. Þetta breyttist þegar leið á öldina; í fimmtu símfóníu Beethovens gengur hrynjandi upphafsstefsins gegnum alla þættina í svolítið breyttri mynd. Slík tengsl urðu æ algengari. Í ritdómi árið 1835 um sönötu eftir Carl Loewe, þar sem sama stef heyrir í öllum þáttum, skrifaði Schumann: „Að gera þrjá hluta að einni heild er að minni hyggu ásetningur þeirra sem skrifa sönötur, konserta og símfóníur. Þeir gömlu gerðu það meira utanfrá með byggingu og tóntegund; þeir yngri útvíkkuðu hlutana í undirdeildir og fundu upp nýjan millipátt, scherzo-þáttinn. Menn létu sér ekki nægja að vinna úr einni hugmynd í einum þætti, hún var líka falin í nýjum búningi og í brotum í þeim [þáttum] sem á eftir komu. [...] Nýlega tengdu menn þættina enn betur saman og luku þeim með því að láta þá renna strax saman við þá nýju.“ Schumann hefur eflaust líka lært af *Wanderer-fantasíu* Schuberts; hún er í fjórum þáttum sem renna saman án hlés, og meginstefin í öllum þáttunum eru sprottin af sömu rót, sönglagi Schuberts *Der Wanderer*. Þótt fjórða símfónía Schumanns sé þannig að einhverju marki sprottin upp úr tíðarandanum er hún þó óhefðbundin að gerð. Að loknum hægum inngangi heyrir stefjafrymi sem er lykillinn að öllu sem eftir er fyrsta þáttarins. Hægi þátturinn hefst á undurfagurri laglínu í óbói og sellóum, en sækir síðan stef í hæga innganginn úr fyrsta þætti. Lokapátturinn sækir efnivið sinn líka í fyrsta þátt, og þannig mætti lengi telja. Símfónían hefur öllu myrkara yfirbragð en sú fyrsta, *Vorsímfónían*, en í hröðu niðurlagi verksins er eins og fagnaðarlæti brjótist loksins út og ljósið nái að yfirbuga myrkríð. — Ekkert hlé er milli þáttanna.

Reynir Axelsson

Á döfinni

Doctor Atomic

Fim. 20. feb. » 19:30

Baldur Brönnimann hljómsveitarstjóri

Colin Currie einleikari



Áskell Músson samdi slagverkskonsert sinn árið 2000. Frumflutningur þessa mikla og krefjandi verks beið þó til ársloka 2012 þegar skoski slagverksleikarinn Colin Currie flutti hann með Fílharmóníuhljómsveitinni í Turku undir stjórn Petris Sakari. Currie er meðal fremstu slagverksleikara samtímans. Hann hefur unnið til fjölmargra verðlauna og er eftirsóttur einleikari. Óperan *Doctor Atomic* eftir bandaríska tónskáldið John Adams var frumflutt í San Francisco óperunni árið 2005. Síðar útfærði Adams hluta verksins fyrir sinfóníuhljómsveit án söngvara og nefndi *Doctor Atomic Symphony*. Adams er handhafi Pulitzer-verðlaunanna. Svissneski hljómsveitarstjórinn Baldur Brönnimann er Íslendingum að góðu kunnur en hann hefur um árabil verið gestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Midori leikur Mendelssohn

Fim. 6. mars » 19:30

Tónleikakynning » 18:00

Eivind Aadland hljómsveitarstjóri

Midori einleikari



Japanski fiðlusnillingurinn Midori er á meðal kunnustu tónlistarmanna heims. Ferill hennar spannar ríflega 30 ár en hún vakti heimsathygli þegar hún kom fram með Fílharmóníusveit New York aðeins ellefu ára gömul. Síðan þá hefur hún verið einn af eftirsóttustu fiðluleikurum veraldar og því sérstakt gleðiefni að heyra þessa stórkostlegu listakonu leika hinn ódauðlega *Fiðlukonsert* í e-moll eftir Felix Mendelssohn. Eivind Aadland, aðalhljómsveitarstjóri Sinfóníuhljómsveitarinnar í Þrándheimi, hefur verið tíður gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Aadland hefur stjórnað Sinfóníunni við mikla hrfingingu tónleikagesta og hljóðfæraleikara, nú síðast í janúar 2013.

Hljómsveit á tónleikum

6. febrúar 2014

1. FIÐLA

Nicola Lolli
Sigrún Eðvaldsdóttir
Zbigniew Dubik
Andrzej Kleina
Lin Wei
Bryndís Pálsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Laufey Jensdóttir
Laufey Sigurðardóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Sigríður Hrafnkelsdóttir

2. FIÐLA

Gunnhildur Daðadóttir
Roland Hartwell
Christian Diethard
Þórdís Stross
Dóra Björgvinsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Joanna Bauer
Margrét Þorsteinsdóttir
Helga Þóra Björgvinsdóttir
Greta Guðnadóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Kristján Matthíasson

VIÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Móeiður Anna Sigurðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Kathryn Harrison
Jónína Auður Hilmarsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Margrét Árnadóttir
Lovísa Fjeldsted
Auður Ingvadóttir
Ólöf Sesselja Óskarsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Melkorka Ólafsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Peter Tompkins
Matthias Nardeau

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Rúnar Óskarsson
Ármann Helgason

FAGOTT

Brjáll Ingason
Rúnar Vilbergsson
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jólsson
Lilja Valdimarsdóttir

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinnsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri
Hjördis Ástráðsdóttir fræðslustjóri
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri.

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómveitarstjóri og listrænn stjórnandi



Nº28 Listahátíð
2014 í Reykjavík



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS



Sinfóníuhljómsveit Íslands og Osmo Vänskä

Mahler nr. 3

Fös. 23. maí » 19:30

Tryggið ykkur miða í tíma

Gustav Mahler *Sinfónía nr. 3*

Osmo Vänskä *hljómsveitarstjóri*
Jamie Barton *einsöngvari*

Kvennakórinn Vox feminae
Stúlknaór Reykjavíkur
Margrét Pálmadóttir *kórstjóri*

Þetta meistaraverk Mahlers hefur aðeins einu sinni áður hljómað á Íslandi. Því er það sannkallað fagnaðarefni að sinfónían heyrst nú í Eldborgarsal Hörpu undir stjórn hins frábæra hljómsveitarstjóra Osmo Vänskä sem einmitt hefur getið sér gott orð víða um heim fyrir túlkun sína á Mahler.

Flutningur á 3. sinfóníu Mahlers er samstarfsverkefni Listahátíðar og SÍ.